

<b>Dags eftirlits</b>	13.6.2023	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Freyr Ævarsson
<b>Fyrirtæki</b>	Benchmark Genetics Iceland hf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	Freyr Ævarsson
<b>Heimili</b>	Bæjarhraun 14	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	620391-1079	<b>Flokkur</b>	Fiskeldi
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Andri Rúnar Sigurðsson	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Auður Eyberg Helgadóttir	<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik kom fram í eftirlitinu en tvær ábendingar voru gerðar: 1) Huga þarf að nákvæmni mælinga. 2) Útreikningar á fosfórlausun skulu fylgja ársyfirliti. Ekkert frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.

## UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Benchmark Genetics Iceland hf. að Kirkjuvogi, Höfnum.

Viðstödd eftirlitið f.h. rekstraraðila voru: Andri Rúnar Sigurðsson, Auður Eyberg Helgadóttir, Julia Morozova og Bjarki Guðlaugsson. Freyr Ævarsson var eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar. Auk þess var Tinna Jónsdóttir verkefnastjóri auðlindaeftirlits hjá Orkustofnun viðstödd eftirlitið. Benchmark, Kirkjuvogi er með starfsleyfi sem var gefið út þann 6.5.2021 og tekur til eldis með 90 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
2. Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi
3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
4. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldsseкта
5. Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg
6. Kynning á nýrri gjaldskrá UST
7. Kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits
8. Önnur mál
9. Skoðunarferð

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti  
Bílastæði við stöðina var malbikað árið 2021 og fundust þá ýmis spilliefni s.s. ammoníak sem komið var í spilliefnamóttöku.  
Engar markverðar breytingar hafa orðið á rekstri stöðvarinnar.

2. Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi  
Ársyfirliti var skilað á tilskildum tíma fyrir árin 2021 og 2022. Rekstraraðila er bent á að huga að nákvæmni mælinga á magni fosfórs í frárennsli og að senda eftirlitsaðila útreikninga á losun fosfórs.

Við útreikninga á losun fosfórs er ekki gert ráð fyrir þeim hluta fóðursins sem er lifandi.  
Uppfærð umhverfismarkmið, áætlun um meðhöndlun úrgangs, vöktunaráætlun og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda, bárust eftirlitsaðila þann 20.6. sl.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða  
Smávægilegar breytingar voru gerðar á áhættumatinu frá síðasta eftirliti, en þær breyta ekki niðurstöðu matsins.

4. Kynning á heimildum til álagninga stjórnvaldssekta  
Umhverfisstofnun öðlaðist með breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, heimild til álagninga stjórnvaldssekta

5. Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg  
Kynntur var gagnagrunnur sem Umhverfisstofnun safnar upplýsingum í, um svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða grunur er um mengun.

6. Kynning á nýrri gjaldskrá UST  
Ný gjaldskrá Umhverfisstofnunar tók gildi 1. mars sl. og fylgdu upplýsingar um hana þegar eftirlitið var boðað.

7. Kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits  
Umhverfisstofnun hefur breytt verklagi sínu varðandi boðun eftirlita og mun héðan í frá boða reglubundnar vettvangsheimsóknir með skemmri fyrirvara en venja hefur verið. Tímasetning vettvangsheimsókna getur einnig verið utan hefðbundins skrifstofutíma, á kvöldin og um helgar. Farið var yfir tengiliðaupplýsingar rekstraraðila.

8. Önnur mál  
Engin önnur mál voru bókuð.

9. Skoðunarferð  
Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Efnageymsla var skoðuð og eru engar athugasemdir gerðar við hana. Frágangur við varaafstöð sem er í gámi á lóðinni er í lagi.

#### **ÁBENDINGAR**

Huga þarf að nákvæmni mælinga á styrk fosfórs.

Útreikningar á losun fosfórs frá stöðinni þurfa að fylgja ársyfirliti svo unnt sé að staðfesta niðurstöðu rekstraraðila.


#### **ANNAÐ**

Eftirlit á vegum Orkustofnunar fór fram samhliða eftirliti Umhverfisstofnunar.

Reykjavík, 11.07.2023

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Freyr Ávarsson